

**Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal,  
haldinn mánudaginn 8. apríl 2024 kl. 14:00 á Teams.**

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Harpa Þórsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Fyrir fundinum lágu gögn í tölvupósti frá GF, dags. 21. mars 2024.

*Fræðsla Þjóðminjasafns Íslands um umhirðu/viðhald torfhússins*

HP fjallaði um.

Þjóðminjasafn (ÞÍ) hefur séð um að vera með kynningu og fræðslu, m.a. glærusýningu um sögu bæjarins, með þeim starfsmönnum sem hafa starfað í Þjóðveldisbænum á sumrin. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila í samtölum við GF og BHÁ var ekki um slíka fræðslu að ræða síðasta vor. Rekstraraðili hefur kallað eftir að fá slíka fræðslu.

HP mun hafa beint samband við rekstraraðilann varðandi þessa fræðslu, fyrirkomulag hennar og tímasetningu.

HP upplýsti að starfsfólk ÞÍ hefðu aðstoðað rekstraraðila varðandi fræðslutexta á upplýsingaspjöldum sem þau settu upp. ÞÍ hefur líka fram að þessu aðstoðað við uppsetningu kljásteynavefstaðarins. HP upplýsti að það væri sjálfsagt að ÞÍ aðstoðaði og leiðbeindi áfram við þessi verkefni en þó þyrfti mögulega að endurskoða fyrirkomulag varðandi kljásteynavefstaðinn.

*Aðalfundur*

Skv. máldaga þarf að halda aðalfund fyrir lok apríl ár hvert. GF upplýsti að búið væri að útbúa ársreikning en hann hefur nú verið sendur Deloitte til endurskoðunar. Að því loknu þarf hann samþykki og undirritun stjórnar.

GF nefndi einnig að stjórnin þyrfti að taka ákvörðun um það hvort endurskoðun væri nauðsynleg nú þegar umfang rekstursins sé orðið mjög lítið.

Ákveðið að stefna á aðalfund mánudaginn 29. apríl, helst í Þjórsárdal.

GF mun senda fundarboð ásamt drögum að ársskýrslu sem og ársreikning fyrir fundinn.

*Beiðni frá rekstraraðilum um niðurfellingu leigugjalds*

GF, BHÁ og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps áttu fund með rekstraraðila nýlega. Þar kom fram beiðni rekstraraðila um niðurfellingu á leigu sem svo barst GF formlega í tölvupósti.

Umræður fóru fram. Fram komu sjónarmið varðandi seinkun innviðaupbyggingar sem gerði rekstraraðilum erfitt um vik að vera með þá nauðsynlegu starfsemi sem þau telja reksturinn þurfa. Á móti koma sjónarmið um að rekstraraðilar hafa afnot af bænum, sem er í almannaeigu, og nýta hann í rekstri til tekjuöflunar.

Stjórn sammála um að veita afslátt af gjaldinu og GF falið að ganga til viðræðna við rekstraraðila um það.

### *Ársskýrsla rekstraraðila*

Ársskýrsla rekstraraðila liggur fyrir, sbr. tölvupóst frá GF dags. 21. mars 2024. Farið var yfir helstu atriði skýrslunnar, m.a. um að 8.400 gestir hefðu heimsótt bæinn. Til samanburðar upplýsti GF um að gestir sumarið 2022, þegar reksturinn var enn í höndum hússtjórnarinnar, var um 5.400 gestir. Skv. skýrslunni eru rekstraraðilar bjartsýnir og jákvæðir fyrir áframhaldandi rekstri.

GF mun óska eftir betri sundurliðun á gestum, t.d. innlendir vs. erlendir.

### *Skipulagsmál*

BHÁ fjallaði um.

Tillagan tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar í síðustu viku, samþykkt og afgreidd í formlegt ferli. Skipulagsstofnun hefur nú tillöguna til umfjöllunar og þarf að samþykkja hana. Stofnunin mun óska eftir umsögnum og auglýsa í Stjórnartíðindum. Þetta ferli tekur 6 vikur. Berist engar athugasemdir mun skipulagið öðlast gildi eftir það.

BHÁ mun láta rekstraraðila vita um að skipulagið sé samþykkt af sveitarstjórn og upplýsa um ferlið sem nú fer í gang.

### *Innviðaverkefni*

GF fjallaði um.

Rafmagn, rotþró og vatnsmál. GF vill að þessi mál verði tekin til umræðu og ákvörðunar á aðalfundi í apríl.

Rafmagnsmál: Ef Þjóðveldisbærinn þarf að standa einn að rafmagnstengingu er kostnaðurinn 7 m.kr. Ef það næst samlegð með öðrum rafmagnsmálum sveitarfélagsins verður kostnaður minni. Strengurinn frá Landsvirkjun sem var lagður í þjónustuhúsið var ekki nógu burðugur. Til þess gæti komið að hússtjórnin þurfi að leysa það sérstaklega, ef ekki er hægt að koma rafmagnsmálunum í viðunandi varanlegan farveg í samstarfi við sveitarstjórn og RARIK. Búið að tjá Landvirkjun að rafmagnsmál verði leyst í síðasta lagi sumarið 2025.

GF upplýsti að hann hefði lenti í vandræðum með vatnið um páskana, þegar hann fór á staðinn og reyndi að koma því á. Það tókst ekki og þarf að finna lausn á því. Eins þarf að kanna hvort bæta þurfi tengingar og dælu upp brekkuna, frá vatnsinntaki og að bænum sjálfum.

GF metur mikilvægast að koma rotþró-málum í ásættanlegt horf í sumar.

Vegna innviðamála mun BHÁ ræða við sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Stjórn sammála um að halda þurfi vel utan um innviðamálin og koma þeim í farveg og svo þau megi leysa.

### *Önnur mál*

Rætt um samskipti við Víglund Kristjánsson torfhleðslumann og hvort hann gæti mögulega sett á blað aðkomu sína að vinnu við torfhleðslu í Þjóðveldisbænum. GF mun athuga hvort til séu gögn um viðhald bæjarins í skjalasafni Landsvirkjunar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:50.